

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 470/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. gr. reglugerðarinnar:

Við 3. mgr. bætast tveir nýir málslíðir er orðast svo: Jafnframt skal endurgreiða virðisaukaskatt af leigugjaldi sem greitt er fyrir notkun á húsnæði sem er embættisbústaður sendiherra eða skrifstofuhúsnæði sendiráðs. Þó skal ekki endurgreiða virðisaukaskatt vegna þjónustu sem tengist rekstri húseignarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 30. maí 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.

Nr. 306

30. maí 1996

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 625 22. desember 1987.

1. gr.

6. mgr. 19. gr. breytist þannig:

Innan borgarmarkanna má ekki í heimildarleysi aka, stöðva eða leggja vélknúnu ökutæki utan vega á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Allur akstur torfærutækja s.s. torfæruhjóla og vélsleða er bannaður innan borgarlandsins. Borgarráð getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum og skal sú ákvörðun tilkynnt lögreglustjóra.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 36 18. maí 1988 um lögreglusamþykktir, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. maí 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Simon Sigvaldason.